Veiðisvæði Veiðifélags Arnarvatnsheiðar

Austurhluti veiðisvæðis



Veiðisvæði Veiðifélags Arnarvatnsheiðar

Eftirfarandi vötn og ár tilheyra veiðisvæði Arnarvatnsheiðar:

Stóralón, Arnarvatn litla, Arfavötnin tvö, Ólafsvatn, Veiðitjörn, Gunnarssonarvatn, Leggjabrjótstjarnir, Mordísarvatn, Krummavatn, Jónsvatn, Krókavatn, Núpatjörn, Þorgeirstjörn, Þorgeirsvatn, Þorvaldsvötn, Hlíðarvatn, Litla-Hlíðarvatn, Hávaðavötn, Gilsbakkaá, Úlfsvatn, Úlfsvatnsá, Grunnuvötn, Syðra-Kvíslarvatn, Djúpalón, Álftavötn, Kaldalón, Nautavatn, og Nafnlausutjarnirnar í Drögunum.

Félagið nær einnig til allra fiskgengra áa og lækja, sem í fyrrgreind vötn falla eða tengja þau saman, svo sem til þeirra vatna og tjarna þar sem fiskur er eða fiskiræktar er möguleg á svæðinu.

Reglur um veiðar og umgengni.

Leyfilegt agn er fluga, spúnn, maðkur og önnur beita.
Óheimilt er að nota önnur veiðitæki en veiðistöng.
Bannað er að skilja stangir eftir á vatnsbakka (letingja).
Skylt er veiðimanni að bera veiðileyfi á sér við veiðar og sýna það veiðiverði óski hann þess.
Að öðru leyti er vísað til laga um lax- og silungsveiði.

Fyrir 15 júlí er bannað að fara út í hólma vegna varpstöðva fugla.
Varist að styggja afréttarfénað að óþörfu.
Takið allt rusl (sorp) með til byggða og gangið vel um tjald- og vatnasvæði.
Séu hundar með í för skal hafa þá í bandi.
Meðferð skotvopna er stranglega bönnuð á veiðisvæðinu.
Akið ekki utan merktra slóða. Bent er á að norðan fljóts er aðeins um einkavegi að ræða í eigu veiðifélagsins, að undantekinni leiðinni norður um Helluvað að Arnarvatni stóra (vegur nr. F578).
Vötn á veiðisvæðinu eru ekki ætluð til iðkunar vatnasports. Með því er átt við sjóþotur og báta með stærri mótorum en 10hp.